

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Holtakots 2019-2022

Starfsfólk

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á til þess að vinna markvisst að því að jafna stöðu starfsmanna í leikskólanum. Markmiðið er að allir njóti sömu réttinda óháð kyni, fötlunar, þjóðernis, tungumáli, félagsstöðu eða trúarbragða þannig að allir fái tækifæri til að þroskast og læra á eigin forsendum og engum sé mismunað á grundvelli ofangreinda þátta. Virðingin fyrir margbreytileikanum. Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Holtakots tekur mið af jafnréttisstefnu Garðabæjar, lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr.10/2008 og 65. gr. stjórnarskrár Íslands en þar segir :„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði. Til þess að hægt sé að nýta krafta og kunnáttu alls starfsfólks til fullnustu er mikilvægt að það ríki jafnrétti. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans sé það möguleiki. Þannig verði tryggt að sá mannaúður sem byggir á menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er unnið á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Ánægt og hæft starfsfólk skiptir sköpum fyrir árangur skólans.

Markmið launajafnréttis

Að allir fái sömu laun fyrir sambærileg störf óháð kyni. Allir hafi rétt á að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa að gera slíkt. Sveitafélagið gerir launakönnun á a.m.k. 4 ára fresti.

Framkvæmd

Laun séu greidd samkvæmt kjarasamningum.

Ábyrgð

Sveitafélagið/Leikskólastjóri

Tími

Alltaf

Markmið Auglýsinga og ráðningar

Auglýst störf séu ekki kyngreind og hafa ber í huga öll kyn við gerð auglýsinga, gæta skal jafnréttis við ráðningar á nýju starfsfólki. Ef hallar sérstaklega á eitt kyn á starfssviði sé það kyn sérstaklega hvatt til að sækja um viðkomandi starf.

Framkvæmd

Samantekt á kynjahlutföllum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.
Sjálfsmatsskýrsla

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Þegar auglýst er

Markmið símenntunar og starfsþróunar

Tryggja skal að allir starfsmenn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar

Allir starfsmenn hafi jafnan rétt á að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni og þróa sig í starfi. Á hverju ári fara fram starfsmannasamtöl milli stjórnenda og starfsfólks, og gefst starfsfólki kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og fá endurgjöf á vinnuframlagi.

Framkvæmd

Árleg starfsmannasamtöl

Eftirfylgni símenntunaráætlunar

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Maí ár hvert

Markmið samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs

Gera konum og körlum kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf. Reynt er eftir bestu getu að koma til móts við þarfir starfsmanna til þess að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf óháð kyni og reynt er eftir bestu getu að taka tillit til sérstakra fjölskylduaðstæðna.

Framkvæmd

Starfsfólki fær leyfi til að sinna t.d. samtölum og heimsóknum í skóla barna sinna, vegna veikinda og heimsóknum t.d. til tannlækna og annarra sérfræðinga. Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum eins og unnt er.

Ábyrgð

Allir starfsmenn

Tími

Á alltaf við

Markmið með gagnkvæmri virðingu

Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu óháð kyni, kynþætti eða aldri. Að það verði ekki fyrir kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynferðisleg áreitni kynbundð ofbeldi og kynbundin áreitni getur verið líkamleg, andleg eða táknræn. Starfsfólk skal vanda orðaval sitt í öllum samskiptum, á þá vel við orðatiltækið aðgát skal höfð í nærveru sálar. Á Holtakoti er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar sem er samskiptastefna þar sem allir fá að hafa rödd og taka ábyrgð á eigin gjörðum.

Framkvæmd

Uppbyggingastefnan, námskeið og fræðsla um efnið

Úttekt á stöðu mála

Umræða í starfsmannaviðtölum

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Einu sinni á ári og eftir þörfum

Markmið með eftirfylgni

Samkvæmt 18.gr. jafnréttis laga ber okkur að endurskoða Jafnréttisáætlunin á þriggja ára fresti. Er jafnréttisáætlunin að skila tilætluðum árangri? Er fólk að nýta sér réttindi sín?

Framkvæmd

Viðhorfskönnun til starfsmanna eða umræða í starfsmannviðtölum.

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Í janúar annað hvert ár

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Holtakots

Nemendur

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á til þess að vinna markvisst að því að jafna stöðu barna á leikskólum. Markmiðið er að allir njóti sömu réttinda óháð kyni, fötlunar, þjóðernis, tungumáli, félagsstöðu eða trúarbragða þannig að allir fái tækifæri til að þroskast og læra á eigin forsendum og engum sé mismunað á grundvelli ofangreinda þátta.

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Holtakots tekur mið af jafnréttisstefnu Garðabæjar, lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr.10/2008 og 65. gr. stjórnarskrár Íslands.

Í aðalnámskrá segir:

Markmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsum og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stefnt er að því að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans og reynt skal að miða námsframboð og viðfangsefni að áhugasviðum beggja kynja. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir.

Markmið varðandi námsefni og kennslugögn

Kennslugögn skulu stuðla að jafnrétti allra nemenda. Þess skal gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtist í bókum.

Framkvæmd

Passa upp á að allur efniviður og verkefni stuðli að jafnrétti. Drengir og stúlkur hafa sama rétt og sömu skyldur til náms og leiks og stuðla skal að samleik drengja og stúlkna. Nemendur, óháð kyni, eiga að geta leikið sér með allt leikefni og tekið þátt í öllum leikjum. Kennarar séu meðvitaðir um texta og myndir í bókum, ef hallar á eitt kyn á einhvern hátt að það sér ætt við barnahópinn. Gott er að kennarar séu búnir að yfirfara kennsluefnið fyrirfram með staðalímyndir til hliðsjónar og vera tilbúnir að varpa fram spurningum þegar þeir koma auga á kynjaðar staðalímyndir í kennsluefni.

Ábyrgð

Leikskólastjóri/deildarstjórar/allt starfsfólk

Tími

Á alltaf við.

Markmið varðandi einstaklinginn

Þörfum allra nemenda skal mætt einstaklingslega og tryggja að hver og einn fái viðeigandi hvatningu og örvun bæði í leik og starfi. Kennsluhættir og kennslugögn skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir. Gæta skal þess að hringja til jafns í báða foreldra ef hringja þarf í þá vegna barns í leikskólanum

Framkvæmd

Á deildafundum ræða kennarar barnahópin, fara yfir þarfir hvers og eins óháð kyni, og kennsluhættir og verkefni vetrarins rædd.

Ábyrgð

Deildarstjórar og annað starfsfólk deilda

Tími

Haust- og vorönn

Markmið með fræðslu

Að undirbúa börnin óháð kyni undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu og atvinnulífinu. Markvisst er unnið að því að breyta stöðluðum viðhorfum til kynjahlutverka og vinna gegn staðalmyndum um hlutverk karla og kvenna.

Framkvæmd

Kennarar séu meðvitaðir um og fræði nemendur um að allir séu jafnir óháð kyni, kynþætti, kynhneigð eða trúarbrögðum. Að allir hafi jafnan rétt á þátttöku í samfélaginu.

Mikilvægt er að skapa aðstæður í leikskólanum til umræðna um einkastaði hvers og eins og að styrkja börnin til að skilja að sum leyndarmál eiga ekki að vera leyndarmál. Starfsmenn þurfa að vera gagnrýnir um þau kennslugögn sem þeir leggja fyrir börnin.

Ábyrgð

Allir starfsmenn en stjórnendur fylgi þessu eftir

Tími

Alltaf